

FUNDARGERÐ

313. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, þriðjudaginn 13. september 2022 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Hitaveita í Eiða – samningsdrög og leiðaval
 - 2 Jarðhitarannsóknir í vinnslu
 - 3 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
 - 4 Vegur um Melshorn
 - 5 Neysluvatnsból Seyðisfjarðar
 - 6 Kynding Brúarásskóla
 - 7 Nýting á heitu vatni á Búlandsnesi – erindi
 - 8 Starfsmannamál
 - 9 Verkefni – til kynningar
 - 10 Önnur mál
 - a. Heimsóknir á starfsstövar – tímasetningar
 - b. Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
 - c. Skipan í stjórn Hitaveitu Djúpavogshrepps
-

1 Hitaveita í Eiða – samningsdrög og leiðaval

Fyrirliggjandi eru drög að samningi við *Eiðar village* um lagningu hitaveitu á Alpýðuskólareitinn á Eiðum.

Framkvæmdarstjóra falið að afla nauðsynlegra gagna og klára samningdrög og leggja fyrir næsta fund.

2 Jarðhitarannsóknir í vinnslu

Breiðavað / Mýnes II: Ráðgjafi HEF ætlar að mæla aftur hitastigul í holum á svæðinu á næstu dögum. Í framhaldi af því verður tilraunavinnsluholu valinn staður og stefna. Landeigendur eru með afnotaréttarsamning í skoðun. Stjórn leggur áherslu á að samningsgerð verið lokið sem fyrst. Djúpivogur: Eftir dæluþrófun var ljóst að frekari rannsóknar er þörf á sambandi milli borhola, verður haldið áfram fljótlega.

3 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Framkvæmdastjóri fór yfir drög í vinnslu að fjárfestingaráætlun félagsins. Stjórn þakkar framkvæmdarstjóra fyrir yfirferð, vonir standa til að nýtt verkbókhladskerfi komist í fulla notkun fljótlega.

4 Vegur um Melshorn

Landeigandi Egilsstaðaness / Melshorns hringdi í framkvæmdastjóra HEF og lýsti óánægju sinni með umsögn veitunnar varðandi það að þjóðvegur að hreinsistöðvarlóð yrði tekinn út úr aðalskipulagi í breytingartillögu sem lögð var fram í byrjun júlí. Landeigandi bendir réttilega á að í samningi um kaup lóðarinnar er aðkomu að lóðinni lýst „um vegslóða út mela“. Stjórn HEF hefur litið svo á að framtíðaraðkoma að lóðinni verði um þjóðveg skv. Aðalskipulagi 2008-2028. Áætlanir um uppbyggingu á lóðinni hafa ekki innifalið vegagerð eða veghald frá núverandi þjóðvegi um Egilsstaðanes. Framkvæmdastjóra, ásamt stjórnarliðum, Ágústu, Ívar Karli og Hildi falið að boða til fundar með landeiganda um framhald málsins.

5 Neysluvatnsból Seyðisfjarðar

Vegagerðin hefur hafið skoðun á færslu neysluvatnsbóls upp fyrir gangamunna. Samhliða þeirri vinnu er eðlilegt að rifja upp niðurstöðu greiningar sem Efla vann fyrir HEF í lok síðasta árs. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir áliti jarðfræðings á vatnsöflunarkostum fyrir veituna. Lagt fram til kynningar.

6 Kynding Brúarásskóla

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá Verkráði (01-700-0014-001-MB-003) um tillögu að fyrirkomulagi rekstrar varmadælu í Brúarási. Dælan hefur verið gangsett. Stefnt er að því að stjórnun og viðhaldsvakt verði hjá HEF. Stjórn HEF veitna felur framkvæmdarstóra ræða við Múlaþing í samræmi við umræður á fundinum.

7 Nýting á heitu vatni á Búlandsnesi – erindi

HEF hefur móttengið erindi Félags um baðstað við Djúpavog, dags. 23. ágúst 2022. Félagið óskar eftir svörum um mögulega staðsetningu baðstaðar og nýtingu á heitu vatni.

Stjórn HEF þakkar erindið og frumkvæðið. Því miður er ekki tímabært að álykta að nægt vatn komi úr jörðu, til að hægt sé að segja fyrir um hvort raunhæft er að byggja baðstað við Búlandshöfn. Áhersla og forgangur hlýtur að vera að lækka kyndingarkostnað húsa og annarra mannvirkja á Djúpavogi og allra næsta nágrenni.

8 Starfsmannamál

Stefán Númi Stefánsson hefur verið ráðinn frá október til mars/apríl. Stefán hefur áður unnið tímabundið hjá félaginu.

Starfsmannasamtöl framkvæmdastjóra og allra starfsmanna fara fram á næstu dögum.

9 Verkefni – til kynningar

Að lagði fram lista og fór yfir helstu verkefni í undirbúningi og vinnslu.

10 Önnur mál

a. Heimsóknir á starfsstöðvar – tímasetningar

Stjórn stefnir á heimsóknir í kjarna Múlaþing, starfssvæði veitunnar:

21. september kl. 14:30 – Djúpivogur

22. september kl. 14:00 – Seyðisfjörður

28. september kl. 14:30 – Borgarfjörður eystri

29. september kl. 14:30 – Egilsstaðir

Tímasetningar miðast við brottför frá aðalskrifstofu HEF, Fellabæ.

b. Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Málið er komið á dagskrá hjá Héraðsdómi. Aðalmeðferð verður 30. nóvember nk.

c. Skipan í stjórn Hitaveitu Djúpavogshrepps

Stjórn HEF veitna skipar eftirtalda í stjórn Hitaveitu Djúpavogshrepps:

Aðalmenn: Ágústa Björnsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Ívar Karl Hafliðason, Vilhjálmur Jónsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson.

Aðalsteinn Þórhallsson verði prókúruhafi félagsins.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:20.

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

_____	_____
_____	_____
_____	_____